

*bænda*  
FERÐIR

## Á GÖNGUSKÍÐUM Í TOBLACH



**18. – 25. janúar 2025**

**Fararstjórar: Íris Marelsdóttir og Árni Ingólfsson**

Hreyfiferð  
Ítalía

## Ferðalýsing

Dólómítarnir hafa löngum verið vinsælt skíðasvæði yfir vetrartímam, enda aðstæður til skíðaiðkunar með eindæmum góðar. Stórbrotin náttúra, sögulegt mikilvægi og sérstæð menning eru ástæður þess að fjallgarðurinn er skráður á heimsminjaskrá UNESCO. Í dalnum Hochpustertal liggur eitt besta skíðagöngusvæði í Suður-Tíról, enda eru skíðabrautir svæðisins um 200 km langar í öllum erfiðleikastigum. Gist verður á glæsilegu 4\* hóteli í bænum Toblach, sjarmerandi fjallaborpi þar sem ægífagrir tindar Dólómítanna bera við bláan himininn. Aðstaðan á hótelinu er góð en þar er boðið upp á valmatseðil á kvöldin, þægileg herbergi ásamt heilsulind með gufubaði, nuddpotti, sundlaug og margt fleira. Flogið er með Icelandair til Innsbruck og ekið sem leið liggur til Toblach en þangað eru um 135 km. Í þessari ferð er ekki skipulögð skíðagöngukennsla og því hentar hún ekki fyrir byrjendur.

### Nánar um ferðina

Í ferðinni verða tveir fararstjórar sem munu vera með skipulega dagskrá, boðið verður upp á styttri og lengri ferðir og gjarnan staldrað við í hádegi á notalegum veitingastað. Þeir sem vilja frekar njóta þess að skíða á sínum eigin forsendum í dásamlegu umhverfi gera það. Markmiðið er að allir njóti sín á gönguskíðum við góðar aðstæður.

### 8 dagar | 7 nætur í Toblach



### Skíðasvæðið

Í dalnum Hochpustertal í Suður-Tíról má finna eitt af allra bestu gönguskíðasvæðum Dólómítanna, enda eru skíðabrautir svæðisins um 200 km langar og fjölbreyttar, en þó aðallega bláar og rauðar. Bærinn Toblach, oft kallaður „Hliðið að Dólómítunum“, liggur í miðjum dalnum og er einstaklega vel tengdur öllum helstu skíðabrautum og því auðvelt að finna nýjar leiðir á hverjum degi. Frá Toblach liggja m.a. brautir um rómantíska dalinn Val Fiscalina en þaðan sjást vel hinir ægífögru og vel þekktu tindar Dólómítafjallanna (Drei Zinnen). Tindarnir voru eitt sinn hluti af víðáttumiklu hitabeltishafi og eru myndaðir úr kóralrifum Hægt er að ganga Tour de Ski keppnisleiðina frá Toblach til Cortina en leiðin liggur yfir breiða sléttu í 2000 m hæð í gegnum dalinn Val di Landro. Í Toblach er einnig að finna mislangar þjálfunarbrautir (Nordic Ski Arena) sem margir þekktir skíðagöngugarpar nota til æfinga. Árlega eru haldnar heimsþekktar skíðagöngukeppnir í Toblach eins og t.d. Tour de Ski, Pustertaler Ski Marathon og Dobbiaco-Toblach – Cortina.



[Vefsíða svæðisins.](#)

## Hóтелиð

Í þessari ferð verður gíst á 4\* hótelinu Park Hotel Bellevue í bænum Toblach. Hóтелиð á sér einstaka sögu, byggt 1902 og er enn í eigu sömu fjölskyldu. Hóтелиð er eitt af fyrstu hótelinum sem byggð voru í dalnum og státar af fallettri staðsetningu með útsýni yfir hinn tignarlega Dólómíta fjallgarð og tindana þrjá. Auðvelt er að komast á gönguskíðasvæðið þar sem ein af göngubrautum liggur beint aftan við hótelið. Jafnframt tekur einungis nokkrar mínútur að ganga að skíðagöngumiðstöðinni. Hægt er að ganga (10-15 mín.) í gamla miðbæinn en einnig er hægt að taka strætó sem stoppar fyrir utan hótelið. Herbergin á hótelinu eru öll með sturtu/baði, síma, sjónvarpi, öryggishólfi og hárblásara. Á hótelinu er einnig að finna glæsilega heilsulind með sundlaug, ýmsum tegundum af gufuböðum, nuddpotti og fleira þar sem hægt er að slaka á eftir góðan skíðadag. Hægt er að panta nudd og aðrar heilsu meðferðir gegn gjaldi. Á hótelinu er skíðageymsla með aðstöðu til að bera á skíðin og hitaherbergi til að þurrka skóna.



## [Vefsíða hótelsins.](#)

## Flugið

Flogið verður með Icelandair til Innsbruck þann 18. janúar. Brottför frá Keflavík kl. 09:55 en mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Innsbruck kl. 15:05 að staðartíma. Frá flugvellið í Innsbruck eru um 135 km til Toblach svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki rúmar 2 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 16:05 frá Innsbruck. Lending á Íslandi kl. 19:40.

## Verð

**329.900 kr. á mann í tvíbýli** | 38.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í Innsbruck og hótelsins í Toblach.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með sturtu/baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Kvöldverður með 3ja rétta valmatseðli ásamt salatbar.
- ✓ Aðgangur að heilsulind hótelsins.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

## Ekki innifalið

- ✓ Kaupa þarf sérstakt kort fyrir gönguskíðabrautir svæðisins (vikukort u.þ.b. € 50).
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.

